

2009020060

6612; 9310

Þeistareykir ehf
Bergur Elías Ágústsson, stjórnarformaður
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Reykjavík, 6. nóvember 2009

/--

Efni: Ákvörðun um tillögu að matsáætlun fyrir Þeistareykjavirkjun, allt að 200 MWe jarðhitavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Þeistareykja ehf. að matsáætlun fyrir Þeistreykjavirkjun, allt að 200 MWe jarðhitavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Þeistareykja ehf. dags. 22. september 2009 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Þeistareykir ehf. Þeistreykjavirkjun, allt að 200 MWe jarðhitavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Mannvit verkfræðistofa. September 2009.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Norðurþingi, Þingeyjarsveit, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins, Landsneti, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Norðurþingi með bréfi dags. 19. október 2009, Þingeyjarsveit með bréfi dags. 12. október 2009, Ferðamálastofu með bréfi dags. 17. október 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. október 2009, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 6. október 2009, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 9. október 2009, Landsneti með bréfi dags. 12. október 2009, Orkustofnun með bréfi dags. 23. október 2009, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. október 2009 og Vegagerðinni með bréfi dags. 1. október 2009. Athugasemdir bærust frá Landvernd með bréfi dags. 18. október 2009 og Samtökum ferðapjónustunnar með bréfi móttekið 19. október 2009. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 19., 26. og 29. október 2009. Skipulagsstofnun sendi fyrirspurn til Mannvits verkfræðistofu með tölvupósti, 26. október 2009, varðandi sérfræðiskýrslu um ferðamál og fékk svör með tölvupósti 28. október 2009.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Þeistareykja ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Þeistareykja ehf. dags.19., 26. og 29. október 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 3.4 er fjallað um borholur og kafla 3.6 um gufuveitu. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um einstaka borteiga eða svæði fyrir borteiga t.d. ofan og neðan Bóndhólsskarðs og vestan núverandi vegar. Rökstyðja þarf staðsetningu borteiga og bera saman einstaka borteiga með tilliti til umhverfisáhrifa af prófun á holum (vatn, gufustrókar, hávaði) og af mannvirkjum er fylgja nýtingu borhola. Í frummatsskýrslu þarf að gera skýra grein fyrir aðferðum og kostum við að draga úr sjónrænum áhrifum, borholuhúsa, lagna og hljóðdeyfa svo sem með niðurgreftri lagna, hæð lagna yfir landi, jarðvegsmönnum og litavali. Í því sambandi er framkvæmdaraðila bent á að kynna sér notkun steiningar á borholuhús og lagnir sem Orkuveita Reykjavíkur hefur hafið tilraunir með.

Í kafla 3.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnsveitur. Grunnvatnsöflun þarf, auk þess að tryggja gott neysluvatn, að taka mið af því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif við vegagerð, borun og lagning vatnsveitu og þarf í því sambandi að kanna möguleika á nýtingu mannvirkja sem þegar eru fyrir á svæðinu svo sem vega. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram til hvaða svæðis grunnvatnsrannsóknir hafi náð, í hverju rannsóknir fólust og niðurstöðum þeirra. Þá þarf að lýsa framkvæmd við neysluvatnsöflun og bera saman kosti, ef rannsóknir sýna kosti fleiri en einn, þar með talið í ljósi umhverfisáhrifa af lagningu vegar og lagna.

Í kafla 3.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um stöðvarhús og kæliturna. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir líklegum stærðum þessara mannvirkja, einkum hæð t.d. með myndum af sambærilegum mannvirkjum. Einnig verði fjallað um mismunandi gerðir af kæliturnum m.t.t. áhrifa á myndun gufustróka við ólíkar veðurastæður.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 3.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vegi og vísað til þess umhverfismats sem fram fór við gerð svæðisskipulags. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram mun nánari umfjöllun og samanburður kosta við lagningu vegar norðan Þeistareykja.

Í fyrsta lagi er í því sambandi bent á að í svæðisskipulagi (kafla 5.2.4) er við leiðaval tekið mið af því að mögulegt verði að leggja hitaveitu meðfram veginum. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um rök fyrir því að þörf verði á slíkri hitaveitu. Þá þarf að gera rökstuddan samanburð á gerð slíks mannvirkis annars vegar meðfram nýjum vegi er lægi sem mest eftir og í nágrenni við núverandi veg og hins vegar meðfram vegi skv. svæðisskipulaginu. Í slíkum samaburði yrði ekki aðeins horft til vegalengdar heldur einnig tæknilegra þátta er varða legu/byggingu/rekstur slíkrar lagnar, jarðtæknilegra aðstæðna og umhverfisáhrifa, áhrifa á náttúru og sjónræn áhrif.

Í öðru lagi er bent á að í svæðisskipulaginu er undirstrikað að við hönnun vegar muni ráðast hvort áhrif veglagningar á landslag verði óveruleg eða mikil. Ný veglína fari um

hálfgróið óraskað hraun frá nútíma og hafi því áhrif á náttúrufar og náttúruvernd með því að raska landi og landslagsheild. Í frummatsskýrslu þarf því að fjalla ýtarlega um samanburð kosta í þessu ljósi.

Í þriðja lagi er því haldið fram í svæðisskipulaginu að óbreytt veglína norðan Þeistareykja sé talin torfærari á veturnum en ný veglína sem sett er fram. Í frummatsskýrslu þarf að gera rökstuddan samanburð á þessum þætti sem byggður er á hönnunarforsendum nýs vegar á báðum leiðum.

Ljóst er að ef vegur norðan Þeistareykja færi með núverandi vegi þyrfti að leggja línuveg vegna byggingar háspennulínu, miðað við fyrirhugaða legu hennar. Í frummatsskýrslu þarf til upplýsingar að gera grein fyrir legu línuvegar annars vegar miðað við að meginvegur verði samkvæmt því sem matsáætlun gerir ráð fyrir og hins vegar ef meginvegur fylgdi núverandi vegi.

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að gerð verði grein fyrir staðháttum, legu, lengd og breidd vegar frá Húsavík að virkjun. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram samkvæmt hvaða vegflokki Vegagerðarinnar vegurinn verður hannaður og fjallað um hann á þann hátt sem Vegagerðin gerir við hliðstæðar framkvæmdir á hennar vegum, m.a. með tilliti til náttúrufarsþátta á vegleiðinni og meta áhrif framkvæmdarinnar á þá. Sýna þarf veginn, með skeringum og fyllingum, á korti (loftmynd) í mkv. 1:10.000 (A3) og gera grein fyrir efnisþörf og námum. Minnt er á að sérstaka umfjöllun þarf um þann hluta vegarins sem liggur innan vatnsverndarsvæðis Húsavíkur, fjar- og grannsvæði, allt frá Höfuðreiðarmúla og niðurfyrir vatnsból Húsavíkur neðan Botnsvatns og meta þar hættur á byggingar- og rekstrartíma vegarins og fjalla um hugsanlegar sértækar aðgerðir vegna verndar vatnsbólanna.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 5.5.2 er fjallað um jarðhitakerfið og orkuforða. Þar kemur m.a. fram að reynt hafi verið að meta afkastagetu jarðhitasvæðisins með rúmmálsaðferð og Monte Carlo reikningum en í framhaldinu verði sett upp reiknilíkan af jarðhitakerfinu til að meta framleiðslugetu þess og viðbrögð við vinnslu. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvenær gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður úr reiknilíkani muni geta legið fyrir.

Fjallað verði um áhrif framkvæmdarinnar á ósnortin víðerni.

Þar sem frummatsskýrsla framkvæmdarinnar og þriggja annarra framkvæmda eiga að liggja fyrir á sama tíma auk frummatsskýrslu fyrir sameiginlega matið er mikilvægt að framkvæmdaraðilar gæti samræmis í flokkun umhverfisþátta, viðmiðum, einkennum og vægi umhverfisþátta. Slíkt samræmi er sérstaklega mikilvægt þegar lagt verður mat á heildaráhrif framkvæmdanna allra á tiltekna umhverfisþætti. Þá þurfa að koma fram í frummatsskýrslu skýringar á þeim vægiseinkennum sem framkvæmdaraðili notar.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vöktun á rekstrarþáttum og áhrifum þeirra einkum á jarðhitakerfið, jarðmyndanir/hveravirkni, grunnvatn, loftgæði, gróður, hljóðvist, útivist og ferðamenn.

Skipulag

Bent er á að gerð aðalskipulags og breyting á aðalskipulagi þarf að vera samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Bent er einnig á að það þarf að meta og gera grein fyrir umhverfisáhrifum deiliskipulagsáætlunar skv. framangreindum lögum og með því að vinna deiliskipulagið samhliða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, í samstarfi sveitarstjórnar og framkvæmdaraðila, er hægt að samnýta og fjalla um gögn á sama tíma.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna og athugasemda.

Afrit: Norðurþing, Þingeyjarsveit, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Landgræðsla ríkisins, Landsnet, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðin. Landvernd og Samtök ferðaþjónustunnar.